

23  
4. júní

## LÖG

um

breyting á lögum nr. 6, 31. maí 1921.  
(Seðlaútgáfa Íslandsbanka).

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1 gr.

Í stað „1922“ í 3. málsgrein 2. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfurjett Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl., komi: 1925.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 4. júní 1924.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.  
(L. S.)

---

*Jón Þorláksson.*